

Stykkishólmsbær
Hafnargötu
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 17. nóvember 2021
UST202103-043/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar

Þann 24. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar við Ögurveg. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Í eftirliti 4. júní 2019 kom fram frávik er varðar starfsemi án starfsleyfis þar sem eldra starfsleyfi urðunarstaðarins féll úr gildi 1. júlí 2018. Þann 11. nóvember sl. gaf Umhverfisstofnun út nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn og telst því frávikinu lokið.

Í eftirliti 20. október 2020 kom fram frávik er varðar skil á skráningum. Rekstraraðili skilaði inn skráningum fyrir 1. maí 2021 og telst því frávikinu lokið.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Steinunn Karlsdóttir